Sþ. **159. Svar** [89. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn frá Skúla Alexanderssyni og Inga Birni Albertssyni um félagsheimilasjóð og menningarsjóð félagsheimila.

*1. Hvernig verður skemmtanaskattinum, sem hingað til hefur borið uppi félagsheimilasjóð, ráðstafað? Hversu hár var hann á síðasta ári?*

Verði félagsheimilasjóði ekki ætlaðar tekjur á fjárlögum rennur skemmtanaskattur óskertur í ríkissjóð.

*2. Hver verður ógreidd hlutdeild félagsheimilasjóðs í byggingu félagsheimila um næstu áramót? Hver eru þau félagsheimili?*

Meðfylgjandi er sérstök skrá yfir félagsheimili í byggingu og ógreidda hlutdeild félagsheimilasjóðs í kostnaði við þær framkvæmdir. Kemur þar fram að ógreidd hlutdeild félagsheimilasjóðs nemur samtals 71 639 588 kr.

*3. Hve mikið hafa tekjur af skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs verið skertar á tímabilinu 1981–1987?*

Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna og framlags sjóðsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands munu tekjur sjóðsins hafa verið skertar með ákvæðum í lánsfjárlögum árin 1981–1987 samtals um 107 588 000 kr.

*Nánar sundurgreint:*

| | *Tekjur* | *Skerðing* | *Mismunur* |
|---|---|---|---|
| 1981 ............ | 4 425 000 | 1 893 000 | 2 532 000 |
| 1982 ............ | 9 752 000 | 3 588 000 | 6 164 000 |
| 1983 ............ | 18 733 000 | 8 377 000 | 10 356 000 |
| 1984 ............ | 21 300 000 | 8 900 000 | 12 400 000 |
| 1985 ............ | 28 500 000 | 21 500 000 | 7 000 000 |
| 1986 ............ | 31 300 000 | 19 300 000 | 12 000 000 |
| Áætlun 1987 ..... | 44 000 000 | 44 000 000 | 0 |
| Samtals | 158 010 000 | 107 558 000 | 50 452 000 |

*4. Hver verður framtíð menningarsjóðs félagsheimila sem hingað til hefur fengið 10% af tekjum félagsheimilasjóðs?*

Unnið er að tillögum um lagabreytingar sem nauðsynlegar eru í framhaldi af þeirri breyttu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988.

*5. Hverjar hefðu tekjur menningarsjóðs félagsheimila orðið ef full skil hefðu verið gerð á skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs 1981–1987 og hverjar voru þær í raun á sama tímabili?*

Tekjur menningarsjóðs félagsheimila hefðu orðið 10 755 880 kr., en urðu vegna skerðingarákvæða í lánsfjárlögum 5 045 200 kr.

**Skrá um félagsheimili og ógreidda hlutdeild félagsheimilasjóðs.**

| | | *Eftirstöðvar* |
|---|---|---|
| 1. | Félagsheimili Gaulverjabæjar | 12 800 |
| 2. | Safnaðarheimili Akraness | 275 000 |
| 3. | Félagsheimili Breiðuvíkur | 149 500 |
| 4. | Félagsheimili Ólafsvíkur | 15 000 000 |
| 5. | Félagsheimili Fram í Reykjavík | 1 870 200 |
| 6. | Félagsheimili Holtahrepps, Rangárvallasýslu | 448 000 |
| 7. | Félagsheimili Týs í Vestmannaeyjum | 1 213 600 |
| 8. | Félagsheimili Héraðsbúa, Egilsstöðum | 187 400 |
| 9. | Félagsheimili KR í Reykjavík | 5 086 900 |
| 10. | Félagsheimili Skútustaðahrepps | 1 579 686 |
| 11. | Félagsheimili Vals í Reykjavík | 2 950 000 |
| 12. | Félagsheimili Ljósavatnshrepps | 145 400 |
| 13. | Félagsheimili ÍSÍ í Reykjavík | 3 182 800 |
| 14. | Safnaðarheimili Fella- og Hólasóknar í Reykjavík | 130 000 |
| 15. | Félagsheimili Templara við Galtalæk | 85 000 |
| 16. | Félagsheimili Skátafélagsins Einherja á Ísafirði | 41 700 |
| 17. | Félagsheimili Borgarfjarðar, N-Múlasýslu | 135 100 |
| 18. | Safnaðarheimili Laugarnessóknar í Reykjavík | 50 000 |
| 19. | Félagsheimili Skaftártungu | 1 152 987 |
| 20. | Félagsheimilið Kirkjubæjarklaustri | 100 900 |
| 21. | Félagsheimili Hvalfjarðarstrandarhrepps | 171 090 |
| 22. | Félagsheimili Kópavogs | 1 563 600 |
| 23. | Félagsheimili Skarðshrepps, Skagafirði | 838 800 |
| 24. | Félagsheimili Hraungerðishrepps | 50 000 |
| 25. | Félagsheimili Skátafélagsins Faxa í Vestmannaeyjum | 1 146 100 |
| 26. | Félagsheimili Farfugla í Reykjavík | 3 519 800 |
| 27. | Félagsheimili Skriðdælinga | 722 200 |
| 28. | Safnaðarheimilið Neskaupstað | 51 500 |
| 29. | Félagsheimili Reykjahrepps | 501 600 |
| 30. | Félagsheimili A-Eyjafjallahrepps | 875 200 |
| 31. | Félagsheimili V-Eyjafjallahrepps | 415 057 |
| 32. | Félagsheimili Aðaldælahrepps | 266 800 |
| 33. | Félagsheimili Keflavíkur | 95 000 |
| 34. | Félagsheimili Hauka í Hafnarfirði | 1 380 400 |
| 35. | Félagsheimili UMFÍ | 2 889 200 |
| 36. | Safnaðarheimili Kársnessóknar í Kópavogi | 55 000 |
| 37. | Félagsheimili Eskifjarðar | 716 400 |
| 38. | Félagsheimili Selfoss | 14 006 818 |

| | Eftirstöðvar |
|---|---|
| 39. Alþýðuhús Ísfirðinga | 269 100 |
| 40. Félagsheimili HSK, SSK og KS á Selfossi | 56 500 |
| 41. Félagsheimili Skefilsstaðahrepps | 767 700 |
| 42. Félagsheimili Garðabæjar | 40 000 |
| 43. Félagsheimilið Ársel í Reykjavík | 243 000 |
| 44. Félagsheimili Miðdala, Dalasýslu | 305 300 |
| 45. Skátaheimilið við Snorrabraut í Reykjavík | 704 900 |
| 46. Félagsheimili Tálknafjarðar | 587 700 |
| 47. Safnaðarheimili Ássóknar í Reykjavík | 28 100 |
| 48. Félagsheimili TBR í Reykjavík | 2 500 000 |
| 49. Félagsheimili Skeggjastaðahrepps | 135 200 |
| 50. Félagsheimili Karlakórsins Geysis á Akureyri | 250 000 |
| 51. Félagsheimilið Ketilási í Haganeshreppi | 9 800 |
| 52. Félagsheimilið Satt í Reykjavík | 1 249 450 |
| 53. Félagsheimilið Árgarður í Lýtingsstaðahreppi | 80 000 |
| 54. Félagsheimili Rípurhrepps, Skagafirði | 149 500 |
| 55. Félagsheimilið Miðgarður í Innri-Akraneshreppi | 1 171 600 |
| 56. Félagsheimilið Vogaland í Króksfjarðarnesi | 30 000 |
| | 71 639 588 |